



Stjórnarfundur FKA #5 - fundargerð
Starfsár 2022 - 2023

Staður: Teams
Dagsetning: 12.10.2022
Tími: 12:00 – 13.30

Mættar:

Dóra Eyland (DE), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

Forföll boðuðu:

Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH) og Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB).

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? Nóg að gera hjá öllum stjórnarkonum og allar hafa það heilt yfir bara gott. Mjög sáttar með Jafnvægisvögina sem fram fór í gær. AR stóð vaktina með Thelmu fram á kvöld.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) Viðburðir næstu 2-3 vikna – AR hvetur stjórnarkonur til að fylgjast með dagatali og mæta þegar hægt er og bendir á tvo viðburð sem eru á dagskrá í dag. Rætt var um fjármál félagsins og umsýslu þess. Það er kominn tillögulisti fyrir Fjármálaráð – ráðið þarf að marka sér ramma, hvað það ætlar að taka fyrir og hvað ekki, t.d.: ✓ Hvernig skal haga innheimtu ferða á vegum félagsins, t.d. golfferða, utanlandsferða oþh ✓ Hvernig skal haga afsláttarkjörum – d. 40% tilraunin sem er enn í gangi ✓ Þróun og sundurliðun á félagsgjaldi ✓ Hvernig innheimtu skal hagað ✓ Verð á viðburði ✓ Úthlutun fjármagns á deildir s.s. landsbyggð 50% og Framtíð ✓ Eiga nefndir að hafa fjármagn til reiðu eða sækja um hverju sinni? ✓ Styrkur og styrkumsóknir utanaðkomandi fyrir einstaka verkefni, deildir eða félagið s.s. Beiðni Suðurnes ✓ Heyra í félag kvenna í alls konar um að koma undir regnhlíf FKA og fjölga þannig ✓ Heyra í og innleiða FKA Austurland og FKA Vestfirðir ✓ Tala við stéttarfélög um að konur geti greitt félagsgjöldin með styrkjum stéttarfélaga ✓ Endurhugsa greiðslu fyrir konur í stjórn? Spons í það eða skoða tekjumódelið? ✓ Umræða um rekstrar og dagatals ár

		FKA Suðurnes ætlar að halda landsbyggðarráðstefnuna á næsta ári og vilja vita hvort þær geti sótt styrki fyrir hönd félagsins. Stjórn FKA Suðurnes hittu AR og SP/UEA sem hvöttu þær til að gera það með upplýstu samþykki stjórnar FKA hverju sinni. AR vill hvetja konur á Austurlandi og Vestfjörðum til að skrá sig þó að þær komi ekki inn sem hópur. Jafnvægisvog FKA – það þarf að endurskoða verkefnið í heild sinni. Rætt verður við núverandi verkefnastjóra um verkefnið sjálft, umfang, ramma, stefnu o.fl. Stefnt er að því að búið sé að ræða við verkefnastjóra fyrir næsta stjórnarfund og hafa eitthvað meira um málið þá. Markaðsstarf viðburða -Allir viðburðir sem haldnir hafa verið undanfarnar vikur hafa heppnast mjög vel. Umræður um greiðslur til stjórnarkvenna sem sóttu landsbyggðarráðstefnuna fyrir norðan. Samþykkt að greiða hverri stjórnarkonu sem fór norður kr. 20.000 fyrir sína þátttöku, AR gengur frá greiðslum. Innheimta og framkvæmd Eindagi greiðslna v/félagsgjalda var 5. október, farið yfir reikninga og stöðu innheimtunnar – 11,5 milljón ennþá útistandandi, 1250 konur eru skráðar í félagið. AR ætlar að halda áfram að heyra í konum sem eiga ógreidd félagsgjöld og hvort þær ætli að halda áfram þátttöku. Einhver hreyfing á félagatali sem endranær og eitthvað um nýjar konur sem eru að skrá sig í félagið. Allar breytingar eru aukavinna í félagatali og þarf að finna leiðir til að hagnýta ferlið.
12.20 – 13.00	3	Rekstraráætlun 2022-23 lögð fyrir til rýni (AJ, KKH) Áætlun fyrir gerir ráð fyrir 1.100 konum í félagatal næsta árs – fjöldinn hefur verið mjög breytilegur á milli ára, mesti fjöldi var um tíma rétt innan við 1.300. Hreyfingar geta verið af alls konar ástæðum, konur ekki að taka mikinn þátt í starfinu, efnahagsástandið og fleiri ytri þættir sem spila inn í. Hækkun á útgjöldum v/aðalfundar, næst verður rafrænt kjör og í lengri tíma en 2022 sem eykur m.a. kostnað. Haustferð – greitt er fyrir framkvæmdarstjóra eins og hefur verið undanfarin ár. Aðrar hækkunir í rekstraráætlun eru í takt við vísitölu. Markaðskostnaður aldrei mikill en alltaf einhver upphæð sett inn til að eiga fyrir því að vekja athygli á viðburðum þegar þarf. Rekstraráætlunin annars vel útlistuð með ítarlegum skýringum um hvert atriði. Fyrirhugað er að samþykkja rekstraráætlun á næsta stjórnarfund
13.00 – 13.25	4	Verkefni stjórnar a. Nýliðamóttökur – 6. október – SHP, UEA Gekk rosalega vel, vel sótt, góður andi og frábærar veitingar. Viðburðurinn var afar vel skipulagður af fræðslunefnd og sendir stjórn FKA bestu þakkir fyrir

		hönd félagsins. b. Jafnvægisvog – 12. október - UEA, GG Gekk frábærlega vel, UEA og GG eru beðnar að rýna það hvað heppnaðist vel og hvað má fara betur. Gott að eiga upplýsingar um það þegar undirbúningur fyrir næsta viðburð fer af stað. UEA og GG lýstu ánægju með erindin, UEA leggur til að hafa færri erindi næst, tíminn sem fer í þetta er mikill og dýrmætur fyrir atvinnulífið. Einstök samvinna allra hlutaðeigenda gerði góðan viðburð frábæran. Stjórn FKA sendir öllum viðurkenningarhöfum hamingjuóskir sem og þakkir til þeirra sem áttu hlut að máli. Saman réttum við myndina. c. Alþjóðatengsl – SHP, SJB SHP og SJB eru á leið til Danmerkur að sækja fyrstu ráðstefnu systurfélags FKA FKA-DK heim DE stefnir á þátttöku líka. Fleiri FKA konur hafa boðið komu sína, jafnvel með dætur sínar. Konur í DK hafa ágætisstuðningsnet, með tilkomu samfélagsmiðla auðveldar en það var áður. SHP lét vita að að henni hefði verið boðiðsem sjálfstæðum atvinnurekanda og stofnanda fyrirtækisí panel á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin er í húsi SP. Boðið kom í gegnum alþjóðlegt tengslanet kvenna, eftir að hafa farið á ráðstefnu í Bangkok sl sumar. Ráðstefnan fjallar um hvernig virkja má fjármagn til að styðja konur í rekstri, konur sem eru að stofna fyrirtæki og aðra minnihlutahópa. SHP fékk boð um að tjá sig um stöðu kvenna í fjölmiðlum við danska blaðakonu sem er að rannsaka efnistökin þvert á Norðurlöndin fyrir norrænu ráðherranefndina. d. Innra skipulag (stefnumótun og framfylgni laga) – SHP, AR Stefnumótunarhópur hefur verið myndaður, startfundur verður haldinn í næstu viku. e. FKA viðurkenningarhátíð – 26. janúar 2023 – ERR, GG GG lét vita að kominn væri frumlisti yfir nöfn í dómnefnd. ERR og GG munu leggja fram tillögur fyrir stjórn fljótlega. Allar í stjórn eiga að geta lagt nöfn í pottinn. AR með pakka sem heldur utan um eldri dómnefndir, GG og ERR þurfa að hvetja stjórnarkonur til að koma með tillögur. Stjórn samþykkir að lokum þá tillögu sem er samþykkt og þá þarf að hafa samband við viðkomandi aðila, hvort þau vilji taka þátt. Tilnefningar til viðurkenningarhafa er opið ferli, í ákveðinn tíma og dómnefnd velur svo úr tilnefningunum. Áætlað er að dómnefnd sé ákveðin fyrir næsta stjórnarfund. f. Sýnileikadagur 2023 – 2.3.23 DE, KKH, SJB + nefnd Fimm frábærar konur búnar að gefa kost á sér í Sýnileikanefnd, DE leggur til að allar séu samþykktar og fá að taka þátt. Út frá reynslu síðasta árs þá eru næg verkefni og fleiri hendur en færri málið til að gera glæsilegan viðburð. AR nefnir að stytta erindin í stóra sal og nýta minni salina betur, meira tengslanet og tengslamyndun. SHP nefnir að markmiðið sé að kenna konum að koma sér á framfæri.
--	--	---

13.20 - 13.25	6	Viðburðir stjórnar og starfsemi - Landsbyggðaráðstefna – 23. september – ÍÓÓ Landsbyggðarráðstefnan var vel sótt og allt gekk vel, streymi sent út til félagskvenna sem gátu fylgst með hvar sem er á landinu. Streymið var sent til FKA-DK og til íslenskumælandi tengiliða í Kanada. - Heimsókn stjórnar FKA deilda til Alþingis 7. október Mjög vel heppnaður viðburður þar sem vel var tekið á móti stjórn FKA sem og stjórn deilda FKA. Góð tengslamyndun stjórnarkvenna og stjórn deilda, áhugi á að halda reglulega viðburði til að styrkja tengslin enn frekar. - Kynningarfundir með landsbyggðadeildum 17. október Tækifæri til að heyra í landsbyggðadeildum og gefa þeim færi á að spyrja stjórnarkonur varðandi starfsemi félagsins. AR og SHP ræða skipulag viðburðar áður en hann hefst. - Tengslamyndun með stjórn UAK 17. október
13.25 – 13.30	6	Önnur mál - WPL nóvember –Félagskonum býðst að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi við ráðstefnuna, SHP deilir skráningarhlekk inn á lokuðu fb síðuna og búin deila inn á allar fb grúppur sem tilheyra FKA. - Elfur Logadóttir sagði sig frá stjórnarstörfum á milli stjórnarfundu vegna anna og er henni þakkað fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Fundi slitið 13:31